



ENDURSKOÐUN

Jakob Björgvin Jakobsson
hdl. og verkefnastjóri á skatta- og
lögfræðisviði Deloitte

Fjárhæðir hafa áhrif á sakarmat í skattamálum



Félag löggiltra endurskoðenda

Skiptir höfuðmáli hvort um er að ræða almennt/einfalt eða stórkostlegt gáleysi, en stigsmunurinn sem er á milli gáleysis og stórkostlegs gáleysis er ekki glöggur.

Refsiheimildir skattalaga eru í sjálfu sér skýrar,

en þær ganga út frá því að skattaðilar mega ekki skýra rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn með ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi (huglæg afstaða). Má segja að ef tekjur eru vanframtaldar sem leiðir til vantalins skattstofns hefur viðkomandi skýrt rangt og villandi frá einhverju sem skiptir máli við ákvörðun tekjuskatts. Skiptir huglæg afstaða því oft höfuðmáli til að brot teljist framið.

Í nýlegum hæstaréttardómi, nr. 416/2013, er talið að virða beri einstaklingi það til stórkostlegs gáleysis að hafa vantalið tekjur af afleiðusamningi að fjárhæð 120 milljónir króna. Í málinu lá fyrir að aðilinn óskaði eftir því við fjárfestingabanka sinn, sem annaðist verðbréfavíðskipti hans, að senda öll gögn vegna hans mála til endurskoðanda síns. Endurskoðandi aðilans fékk gögnin send frá bankanum og útbjó skattframtalið á grundvelli umræddra gagna og fékk einstaklingurinn afrit af þeim í tölvupósti, en hann skoðaði ekki innihald tölvupóstsins sjálfur. Síðar kom í ljós að bankinn hafði sent rangar upplýsingar og lá fyrir í málinu, sem staðfest var frá starfsmönnum bankans, að bankinn hefði einfaldlega gert mistök við sendingu gagnanna. Lá jafnframt fyrir að vörslureikningur vegna samninganna var stofnaður af fjárfestingarbankanum hjá öðrum banka, þannig að umræddar fjárhæðir komu aldrei fram á bankareikningnum hans, sem gerði það að verkum að erfitt var að sjá tekjur umræddra samninga nema með upplýsingum frá hinum bankanum. Þessi mistök voru talin til stórkostlegs gáleysis af hálfu

viðkomandi, þ.e. að hafa vantalið umræddar tekjur, og að um meiri háttar brot hafi verið að ræða í ljósi þess að það laut að verulegum fjárhæðum. Var því umræddur einstaklingur fundinn sekur, þrátt fyrir að ljóst hafi verið að um mistök banka hafi verið að ræða, sérfræðingur hafi talið fram eftir bestu vitund og einstaklingurinn í góðri trú um að skattskil hans hafi verið í lagi.

Ljóst er að almennt gáleysi í fyrrgreindu máli hefði leitt til sýknu þar sem almennt gáleysi fellur ekki undir refsíákvæði skattalaga. Skiptir því höfuðmáli hvort um er að ræða almennt/einfalt eða stórkostlegt gáleysi, en stigsmunurinn sem er á milli gáleysis og stórkostlegs gáleysis er ekki glöggur. Ef til að mynda er um að ræða flókna eða matskennda skattareglu og ranga upplýsingagjöf má leiða til hennar, þá er það leiðbeinandi að um almennt gáleysi sé að ræða. Ef talið er fram samkvæmt öllum fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum sem völ er á og eftir bestu vitund þá er einnig almennt erfitt að telja villur í framtali til annars en almenns gáleysis. Á þetta einkum við ef í ljós kemur síðar að gögn frá þriðja aðila voru röng og engin ástæða til að vefengja þau.

Verður ekki annað ráðið en að framangreint sakarmat í niðurstöðu Hæstaréttar sé aðallega byggt á því að um hafi verið að ræða verulegar fjárhæðir. Þannig má segja að eftir því sem um hærri fjárhæðir er að ræða sé sakarmatið strangara, þ.e. þeim mun hærri sem fjárhæðir eru þeim mun líklegra er að mistök við skattframtalsgerð teljist til skattsvika.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 23. okt. 2014 bls. 12.